207. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn hjá Minjastofnun Íslands við Suðurgötu 39 í Reykjavík

Fimmtudaginn 19. september 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð og tók við fundarstjórn að loknum fyrsta fundarlið, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Guðmundur Rafn Sigurðsson fv. framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings. Gestir fundarins voru Henny Hafsteinsdóttir minjavörður Reykjavíkur og nágrennis og Heimir Janusarson umsjónarmaður Hólavallakirkjugarðs.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:00.* Ragnhildur vék af fundi og Rúnar tók við fundarstjórn.
2. *Fundargerð 206. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Friðlýsing Hólavallakirkjugarðs.* Henny kynnti friðlýsingartillöguna og viðhaldsáætlun fyrir minningarmörk í garðinum sem unnin hefur verið meðfram tillögunni. Umræður fóru fram í kjölfarið með þátttöku Heimis. Góðri vinnu vegna friðlýsingar Hólavallagarðs var hrósað. Rætt var um að viðhald minningarmarka megi ekki vera íþyngjandi fyrir kirkjugarðinn. Leita þarf blandaðra leiða við fjármögnun og framkvæmd viðhalds, m.a. með aðkomu rétthafa, Hólavallagarðs, kirkjugarðasjóðs og sjóða Minjastofnunar. Jafnframt var rætt um hvort setja þurfi ramma um gerð nýrra minningarmarka í garðinum, en Hólavallagarður hefur einkennst af tísku hvers tíma í gerð minningarmarka og státar því í dag af fjölbreytni með skýrum einkennum hvers tímabils. Gæta þarf að því að minningarmörk í framtíðinni breyti ekki yfirbragði garðsins í heild.
4. *Ársreikningar kirkjugarða.* Smári kynnti. Ársreikningum ber að skila fyrir 1. júní vegna næstliðins árs. Ríkisendurskoðun hefur nú birt yfirlit yfir skil kirkjugarða á ársreikningum og eru skilin undir væntingum. Reynsla fyrri ára sýnir að sumir garðar skila seint og mögulega munu ársreikningar einhverra aðila berast í október. Sumir kirkjugarðar hafa þó engu skilað nokkur ár í röð. Ársreikningum er nú skilað rafrænt sem er einföld framkvæmd fyrir litla kirkjugarða, en helsta fyrirstaðan virðist vera að litlum görðum sem sinnt er í sjálfboðavinnu reynist erfitt að fá staðfestan prókúruhafa sem hefur umboð til skila. Ræddar voru leiðir til að bæta ástandið. M.a. hvort mögulega mætti sameina rekstur minni garða yfir stærra en þó afmarkað svæði og skila einum ársreikningi fyrir þá. KGSÍ hefur sent pósta og hvatt til skila. Rætt var að kirkjugarðaráð þurfi að uppfylla sína upplýsingaskyldu og senda leiðbeinandi bréf til kirkjugarða og sóknarnefnda um hvernig skuli skila ársreikningi og nauðsyn þess að uppfylla þá skyldu. Rætt var hvort skilyrða ætti styrkveitingu úr kirkjugarðasjóði við tvo þætti, annars vegar að ársreikningi undanfarins árs hafi verið skilað og hins vegar að rekstur kirkju og kirkjugarðs hafi verið aðskilinn. Ákveðið var að

Ágústa muni senda kirkjugörðum og sóknarnefndarformönnum staðlað erindi þar sem hvatt er til skila og veittar eru leiðbeiningar vegna þessa.

5. *Önnur mál.* 1) Fjallabyggð óskar eftir umsögn kirkjugarðaráðs um upptöku nýs kirkjugarðs á Ólafsfirði. 2) Gerð hafa verið drög að tímabundnum ráðningarsamningi við Guðmund Rafn frá 1. september til 31. desember 2024. Á samningstímanum mun Guðmundur Rafn útbúa tölfræðigrunn í samráði við Jóhannes Finn Halldórsson yfir úthlutanir úr Kirkjugarðasjóði á árabilinu 1992-2024 þar sem hægt verður að leita eftir árum, kirkjugörðum, upphæðum og verkefnum sem hlotið hafa styrk, en þau eru alls um 1300 talsins. Jafnframt mun hann taka saman skýrslu yfir þau gögn sem unnin hafa verið fyrir hvern kirkjugarð á sama tímabili með upplýsingum og myndum fyrir og eftir framkvæmdir og vera nýjum framkvæmdastjóra til ráðgjafar eftir því sem þurfa þykir. Drög að samningi samþykkt. 3) Ráðningarsamningur við Ágústu verður sendur kirkjugarðaráði til kynningar. 4) Ræða þarf störf og hlutverk kirkjugarðaráðs einu sinni á ári. Ákveðið var að halda vinnufund með nýjum framkvæmdastjóra um verkefni sem leggja þarf áherslu á næstu misserin og skerpa framtíðarsýn. Í kjölfar stefnumótandi vinnufundar þyrfti að halda fund með nýjum biskupi og kynna starf kirkjugarðaráðs.
6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 17. október kl. 13:00 í Gufuneskirkjugarði. Um vinnufund verður að ræða þar sem starfsemi ráðsins næstu misserin er mótuð. M.a. þarf að ræða mörk KGSÍ og kirkjugarðaráðs og fara yfir hvað hefur verið á höndum KGSÍ en sem kirkjugarðaráð ætti að sinna. Fara þarf yfir lagalegt hlutverk ráðsins vegna þessa. Einnig þarf að ræða hvaða álitaefni skuli sett á oddinn þegar unnið er að nýju samkomulagi kirkjugarða við ríkið. Ágústa mun móta dagskrá vinnufundar og kalla eftir umfjöllunarefnum.

Fundi var slitið kl. 14:30.